

## Umsögn

Alþingi  
Erindi nr. P 135/549  
komudagur 29.11.2007

umhverfisnefndar um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um almenningssamgöngur, 23. mál.

Vísað er til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 13. nóv. sl., þar sem farið er fram á umsögn umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um almenningssamgöngur.

Með frumvarpinu er annars vegar lögð til breyting á lögum um virðisaukaskatt til þess að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar og fái endurgreidda 2/3 hluta greidds virðisaukaskatts af nýjum almenningsvögnum frá 1. september 2000 til 31. desember 2008. Þá er lögð til breyting á lögum um olíugjald og kílómetragjald til að þeir sem reka almenningssamgöngur fái olíugjald að fullu endurgreitt, en við niðurlagningu þungaskatts og upptöku olíugjalds greiða þessir aðilar 80-85% hærri gjöld til ríkissjóðs en í eldra kerfi án þess að það hafi verið ætlun löggjafans.

Nefndin telur frumvarp þetta mikilvægt í því skyni að efla almenningssamgöngur og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með vísan til umhverfissjónarmiða. Nefndin veur þó athygli efnahags- og skattanefndar á þeim möguleika að þeir aðilar sem frumvarpið nær til gætu allt eins fengið að nota litaða olíu í stað þess að setja þá inn í endurgreiðsluferfið.

Alþingi, 27. nóv. 2007.

Helgi Hjörvar, form.  
Kjartan Ólafsson,  
Kolbrún Halldórsdóttir,  
Katrín Júlíusdóttir,  
Höskuldur Þórhallsson.



Einar Farestveit  
nefndarritari